

Ed.

578. Framvarp

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 [Seðlaútgáfa].

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Fyrir »1923« í 1. gr. laganna kemur: 1927.

2. gr.

Gjald það, er Landsbankanum ber að greiða rikissjóði samkvæmt 1. gr. laganna, skal frá ársbyrjun 1926 að telja lagt á sjerstakan reikning í Landsbankanum, og má verja því eftir ákvörðun ráðherra til þess að bæta Landsbankanum halla, er hann kann að verða fyrir frá sama tíma af gengisbreytingum íslenskrar krónu.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., skulu breytast þannig, að því er snertir inndrátt seðla Íslandsbanka, að á árinu 1926 skal honum eigi vera skylt að draga neina seðla úr umferð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem sýnt þykir, að ekki muni á þessu þingi verða ráðið til lykta skipulagi á seðlaútgáfu til frambúðar, er nauðsynlegt að gera enn bráðabirgðaskipun um þetta efni til eins árs.

Fyrir ákvæðum frv. verður að öðru leyti gerð grein í framsögu.